
FRÉTTIR ÚR HVOLSSKÓLA

III. tölublað. XII. árgangur

11. nóvember 2005

Ábyrgðarmaður: Unnar Þór Böövarsson

Starfsdagur í Hvolsskóla 14. nóvember Nemendur ekki í skóla

Á starfsdeginum þann 14. nóvember næstkomandi fer starfsfólk Hvolsskóla í námsferð á höfuðborgarsvæðið. Meðal annars munum við kynna okkur starfsemi í Ingunnarskóla og Salaskóla. Af þessum sökum mæta nemendur ekki í skólann á mánudaginn.

Upplestur á Njálu á degi íslenskrar tungu

Í tilefni af degi íslenskrar tungu miðvikudaginn 16. nóvember næstkomandi standa nemendur 10. bekkjar Hvolsskóla fyrir upplestri á Brennu-Njáls sögu í samstarfi við Sögusetrið.

Lesturinn hefst kl. 6:30 að morgni og munu nemendur 10. bekkjar lesa úr sögunni til skiptis og er áætlað að lestrinum ljúki um kl. 22:00. Upplesturinn fer fram í sal skólans. Öðru hvoru verður gert hlé á upplestrinum og verður þá m.a. boðið upp á söngatriði og ljóðaflutning. Meðal þeirra sem fram koma eru yngri nemendur skólans og listamenn úr héraði.

Við hvetjum alla þá sem hafa tækifæri til að líta við í skólanum þennan dag.

Félagsvist 10. bekkjar í kvöld

Við viljum minna á að lokakvöld félagsvistar 10. bekkinga verður í kvöld, föstudaginn 11. nóvember, klukkan 20:30. Að þessu sinni verður spilað í Hvolnum og er spennan í algleymi. Við hvetjum að sjálfsögðu alla til að mæta. Það kostar 600 kall og innifalið er kaffi og með því.

Viljum við koma á framfæri sérstöku þakklæti til þeirra sem hafa styrkt okkur. Björkin, Hlíðarendi, Gallery Pizza, 11-11, Húsasmiðjan, Gamla búðin og SS gáfu okkur vinninga. Landsbankinn lét okkur í té spil og Rangárþing eystra lánaði okkur félagsheimili. Hjartans þakkir til ykkar allra fyrir stuðninginn.

Ný símanúmer í Hvolsskóla

Aðalnúmer Hvolsskóla _____ 488 – 4240

Faxnúmer _____ 488 – 4259

Aðalnúmer skóla gefur samband við alla starfsmenn skólans.

Beinn sími skólastjóra _____ 488 – 4241

Beinn sími aðstoðarskólastjóra _____ 488 – 4242

Beinn sími deildarstjóra _____ 488 – 4243

Beinn sími í Skólaskjól _____ 488 – 4250

Tónlist fyrir alla

Tónlistarmennirnir Sigurður Flosason saxafónleikari og Pétur Grétarsson slagverksleikari voru með dagskrá í Hvolsskóla þriðjudaginn 8. nóvember á vegum samtakanna *Tónlist fyrir alla*. Annars vegar var dagskrá fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og hins vegar fyrir 7. - 10. bekk. Yfirskrift dagskrárinnar var *Raddir þjóðar* og var tónlistararfur íslensku þjóðarinnar tekinn til skoðunar á nýstárlegan hátt. Dagskráin var frumflutt á Listahátíð í Reykjavík árið 2002 og vakti þá mikla athygli. Í kjölfarið voru tónlistarmennirnir tilnefndir til *Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs*.

Nemendur fengu að heyra gamlar söngupptökur sem Þjóðminjasafn Íslands og Stofnun Árna Magnússonar varðveita. Söngupptökurnar voru leiknar af geisladiski og tölvu samhliða hljóðfæraleik, söng og töluðu máli tónlistarmannanna. Þessi skemmtilega blanda af gömlu og nýju efni vakti mikla hrifningu nemendanna í skólanum og þótti mörgum skemmtilegt að læra að „dúlla“ en það var sjálfur Gvendur dúllari sem sá um þá kennslu. Hægt er að skoða myndir frá viðburðinum á vef Hvolsskóla <http://hvolsskoli.ismennt.is> þar sem einnig er ávallt að finna nýjustu fréttir og myndir úr skólalífinu.

**MUNUM EFTIR AÐ MERKJA ALLAN FATNAÐ OG TÖSKUR
SEM NEMENDUR NOTA Í SKÓLANUM.
BETRI ER EIN MERKT FLÍK EN TVÆR TÝNDAR. ☺**

Minnum á heimasíðu skólans

<http://hvolsskoli.ismennt.is>